

**Klámvæðing
er kynferðisleg
áreitni**

**Pornification
is Sexual
Harassment**



Útgáfuupplýsingar

Colophon

Útgefendur: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur-
borgar og MARK - Miðstöð margbreytileika og
kynjarannsókna við Háskóla Íslands

Höfundur efnis: Thomas Brorsen Smidt

Myndir og umbrot: Rán Flygenring

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja

Ritnefnd: Gyða Margrét Pétursdóttir, Halldóra
Gunnarsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir

Þýðing úr ensku: Hildur Lilliendahl

Publisher: The Human Rights Department at the City
of Reykjavík and MARK – Centre for Research on Gender
and Diversity at the University of Iceland

Author: Thomas Brorsen Smidt

Illustrations and layout: Rán Flygenring

Print processing: Ísafoldarprentsmiðja

Editorial board: Gyða Margrét Pétursdóttir, Halldóra
Gunnarsdóttir and Þorgerður Einarsdóttir

Translation from English: Hildur Lilliendahl

ISBN 978-9979-72-090-4

Reykjavík 2012

Klámvæðing er kynferðisleg áreitni Pornification is Sexual Harassment

Inngangur

Preface

Klám eða klámvæðing er lúmskt fyrirbæri. Í þessum bæklingi er sýnt hvar það skýtur upp kollinum, jafnvel þar sem síst er við að búast, bæði í orðum og myndum. Í viðtölum hér birtist með ljóslifandi hætti hvaða áhrif það hefur á konur þegar umræðan snýst um útlit þeirra en ekki störf og hvernig klámefni virkar á þær. Enginn nemandi og enginn starfsmaður á að búa við umhverfi sem er niðurlægjandi eins og sýnd eru raunveruleg dæmi um í bæklingnum. Kynferðisleg áreitni tekur á sig margar myndir, klám eða klámvæðing er ein þeirra. Það er bæði mikilvægt fyrir einstaklinginn að líða vel í eigin skinni og blómstra og fyrir skóla og fyrirtæki að hann geri það og já kannski bara fyrir okkur öll. Aftast í bæklingnum eru upplýsingar um það hvert er hægt að leita verðir þú fyrir kynferðislegri áreitni í einhverri mynd. Láttu í þér heyra.

*Halldóra Gunnarsdóttir
borgarður Einarsdóttir*

Pornography or pornification is a subtle phenomenon. This brochure will examine where it occurs, even in the places where it is the least expected, both in writing and in imagery. In the following interviews the impact pornification has on women will be vividly described in relation to when discussions revolve around their appearance and not their jobs, as well as their impression of how pornographic material affects them. No student and no employee should have to live in a humiliating environment as shown in the real-life examples given in the brochure. Sexual harassment takes on many forms of which pornography or pornification is one. It is important for both students and employees to feel good about themselves and to thrive, and it is also in the interest of schools and companies, or perhaps all of us, that they do so. At the back of this brochure there is information about how it is possible to seek help if you have experienced sexual harassment in any form. Let yourself be heard.

*Halldóra Gunnarsdóttir
borgarður Einarsdóttir*

Hvað er klámvæðing?

What is Pornification?

Til að skilja hvað klámvæðing er þarf fyrst að skilgreina klám. Er hægt að segja að allt kynferðislegt efni sé klám? Svarið er nei. Í þessum bæklingi er klám skilgreint sem „kynferðislega opinskátt efni í orðum eða myndum með skýra yfir- og undirskipun.“¹ Til þess að hægt sé að skilgreina eitthvað sem klám er ekki nóg að það sé af kynferðislegum toga heldur verður það einnig að fela í sér valdamisræmi; stigveldi þar sem einhver drottnar yfir öðrum. Oftast hafa karlar yfirhöndina meðan konur eru undirskipaðar. Klámvæðing er „menningarferli þar sem klám smeygir sér inn í daglegt líf okkar sem samþykkt og jafnvel dád menningarlegt fyrirbæri.“²

Klám er alltaf kynferðislega opinskátt efni sem klámvædd orð, myndir og athafnir eru ekki endilega. Þannig er klámvæðing ekki það sama og klám. Klámvæðing er kynferðisleg orð, myndir eða athafnir sem nýta sér orðræðu kláms og sýna, taka þátt í eða ýta undir kynferðislega undirskipun fólks. Dæmin sem hér eru rakín af klámvæðingu koma frá starfsfólki Reykjavíkurborgar og úr Háskóla Íslands.

To understand what pornification is we must understand what pornography is. Can all depictions of human sexuality be

said to be pornographic? In a word, no. In this pamphlet pornography will be defined as “the graphic sexually explicit subordination of [persons] through pictures and/or words.”¹ For something to be considered pornographic it must not only be sexually explicit but also contain a hierarchal power dynamic of subordination. Most often, men are presented as dominant and women presented as subordinate. Pornography in this pamphlet refers to mainstream pornography, which is heterosexual, male-targeted, and market driven.

Pornification is the “cultural process by w[h]ich pornography slips into our everyday lives as a commonly accepted and often idealized cultural element.”² Pornography is always sexually explicit, whereas pornified words, images or actions are not necessarily so. Pornified elements do not have the form of pornography, but they have the same content. They are sexual words, images or actions, that borrow from mainstream pornographic discourse, and espouse, show or perpetuate the sexual subordination of persons. The examples in this brochure of pornification as a form of sexual harassment are from the City of Reykjavik and the University of Iceland.

Hvers vegna er klámvæðing kynferðisleg áreitni?

Why is Pornification a form of Sexual Harassment?

Kynferðisleg áreitni hefur breyst í gegnum tíðina. Áður fyrr var íslenskum vinnumarkaði stjórnað af körlum og það sem kallað var kynferðisleg áreitni á vinnustað voru kynferðislegar þvinganir. Tilgangurinn var skýr; höldum konum á hliðarlínunni með því að koma fram við þær eins og kynferðisleg viðföng. Í dag hafa valdahlutföll kynjanna breyst og hið sama gildir um skilgreiningar á kynferðislegri áreitni.

Nú eru konur stór hluti vinnuaflsins og þátttakendur í opinberu lífi. Hjá Reykjavíkurborg eru 77% starfsmanna í fullu starfi konur³ og í Háskóla Íslands eru konur 65% nemenda og um helmingur starfsmanna.⁴ Þessi mikla sókn kvenna inn í opinbert líf reynist áskorun fyrir marga karla sem nú þurfa ekki aðeins að vinna með konum heldur jafnvel að taka við skipunum frá þeim.⁵

Sumir karlar bregðast við þessum aðstæðum með því að bregða fyrir sig nýrri tegund kynferðislegrar áreitni. Hún felst ekki eingöngu í því að vera kynferðislega og líkamlega ágengur og ýtinn gagnvart konum heldur einnig í því að skapa og viðhalda því andrúmslofti á vinnustað að konur séu körlum óæðri.

Ein leið til að viðhalda slíku andrúmslofti er að klámvæða umhverfið. Þetta er gert með klámvæddum orðum, myndum og athöfnum sem gefa til kynna að konur séu kynferðislega undirgefna. **Þetta sviptir konur persónulegri og faglegri virðingu og ýtir undir kynferðislega fjandsamlegt umhverfi og þess vegna er þetta ein tegund kynferðislegrar áreitni.** Þótt áreitnin hafi tekið breytingum á yfirborðinu er innihaldið og skilaboðin þau sömu; konum er haldið á hliðarlínunni með því að koma fram við þær eins og kynferðisleg viðföng með enga faglega virðingu.

Miklu fleiri konur en karlar verða fyrir kynferðislegri áreitni en konur geta líka viðhaldið og stutt kynferðislega áreitni með þögn sinni. Konur standa gjarnan frammi fyrir tveimur möguleikum; að samþykkja hegðunarmynstur sem gerir þær kynferðislega undirokaðar eða berjast gegn því. Oftast er auðveldara að samþykkja en að berjast. Þess vegna kjósa margar konur að taka ekki afstöðu til kynferðislegrar áreitni, taka þátt í henni eða gera lítið úr upplifun sinni eða annarra kvenna til þess að „halda friðinn.“

Sexual harassment is not the same today as it once was. Previously, the Icelandic labor market was dominated by men, and sexual harassment was generally understood as a sexually coercive offer (e.g. “If you don’t sleep with me, you won’t get that promotion”). The apparent strategy was clear: Keep women in their place by treating them as sexual objects with no professional worth. Today gender dynamics have changed and so has the definition of sexual harassment.

Today women make up a significant part of the work force and of public life in general. At the City of Reykjavík 77% of full time employees are women,³ and at the University of Iceland women make up 65% of students and about 50% of employees.⁴ This massive influx of women in public life can be a serious challenge for many men who all of a sudden have to not only work with, but also often take orders from women.⁵

Some men react to this new reality by utilizing a new kind of sexual harassment, which is no longer predominantly about being sexually and physically aggressive towards women. Instead sexual harassment is now mainly about sustaining a workplace culture

in which women are imagined to still be inferior to men.

One way to sustain such a culture is to integrate pornification into one’s environments. This can be done through pornified words, pictures or actions that portray women as sexually subordinate. Exactly **because pornification strips women of their personal and professional worth, and because it helps to create a sexually hostile environment, it is a form of sexual harassment.** The content and message of sexual harassment is the same even if the form has changed: Keep women in their place by treating them as sexual objects with no professional worth.

Those who experience sexual harassment are predominantly women and the ones perpetuating and quietly endorsing sexual harassment might as well be women. In a patriarchal culture all women are faced with the option of either complying with or resisting patterns of sexual subordination. More often than not it is easier to comply than to resist. As a result many women choose to either remain indifferent to sexual harassment, participate in it, or downplay their own or other women’s experiences in order to “keep the peace.”

Klámvæðing í orðum Pornification as Words

Þegar klámvæðing birtist í orðum er hún yfirleitt klædd í grínbúning. Húmor er til góðs þegar hann er notaður til að brjóta niður vegg milli einstaklinga sem eru jafningjar eða þegar kaldræðni er beitt til að jafna völd milli vinnuveitenda og starfsfólks, kennara og nemenda. En húmor er líka gjarnan notaður til þess að viðhalda misrétti og ójöfnum valdahlutföllum.⁶

Margt fólk segir klámbrandara eða hlær að þeim án þess að átta sig á að með því tekur það afstöðu með kynjamisrétti. Húmor er samskiptatækni sem gefur fólki færi á að firra sig ábyrgð með því að segja að því hafi ekki verið alvara eða ekki meint það sem sagt var.⁷ Ef sá sem segir kynferðislega niðurlægjandi brandara fær aðra manneskju til að líða illa eða finnast hún hlutgerð, getur hinn fyrrnefndi alltaf brugðið á það ráð að segja: „Þetta var bara djók.“ Klámvæddur húmor er orðinn svo sjálfsgæður hluti af lífi okkar að þegar einhver mótmælir honum er viðkomandi gjarnan talinn teprulegur, húmorslaus eða sakaður um að vilja svipta fólk tjáningarfrelsinu. Þannig verða klámbrandarar örugg og árangursrík leið til að koma niðrandi skoðunum á framfæri. Ef rökin um djók virka ekki, má alltaf segja að sá eða sú sem varð fyrir gríninu sé alveg húmorslaus eða bara of viðkvæm/-ur.

Á vinnustöðum þjóna klámbrandarar oft þeim tilgangi að flytja athyglina frá faglegu framlagi (oftast) kvenna⁸ og yfir á þær sjálfar sem kynferðisleg viðföng.

When pornification is expressed through words, it most often takes on a humorous form. Humor is healthy when it is used to break down barriers between equals, or used satirically to improve the power balance between employers, employees, teachers and students. However, humor is also often used to maintain unequal power relationships.⁶

The best way to espouse a sexist opinion is through pornified humor. Humor is a method of communication through which “any serious intention and any serious meaning can always be denied.”⁷ If the transmitter of a sexually derogatory joke makes another person feel unsafe or sexually objectified, the transmitter is always able to say “it was just for fun.” Pornified humor has become so normalized that when someone speaks out against it, this person is often labeled either a humorless prude or accused of wanting to infringe on other people’s right to free speech. This is what makes pornified humor a safe and effective tactic for venting

Hún er svo sexý She's so hot

sexist opinions. If the “it was just for fun”-argument does not work, one can always say that whoever the sexist comment was directed at is “humorless,” “prudish,” or “too sensitive.”

In a working environment pornified humor serves the purpose of directing focus away from (mainly) women's⁸ professional contributions, and instead puts the focus on them as sexual objects.

Hrefna er starfsmaður hjá Reykjavíkurborg og lýsir hér atviki sem átti sér stað á stjórnendafundi í deildinni hennar:

Í deildinni minni vann ung kona, Auður, sem var mjög fær; sérstaklega góður starfsmaður. Hún kom inn á fund hjá stjórnendum til að útskýra eitthvað sem hún hafði gert og á meðan á fundinum stóð sagði einn yfirmannanna á fundinum – vegna þess að það höfðu ekki verið gluggatjöld í herberginu og það hafði sést beint fram á gang – og hann sagði: „Ég man þegar Auður labbaði alltaf hérna framhjá áður en við fengum gardínur. Það var svo truflandi af því að hún er svo sexý.“

Þetta er dæmi um hvernig brandarar eru notaðir til að viðhalda valdamisræmi. Auður, ungur og hæfur starfsmaður, kemur á stjórnendafund í þeim tilgangi að taka þátt í ákvarðanatöku. Ákvarðanatöku er nánast alltaf í höndum karla í þessari deild. Nærvera Auðar ýtir af stað nokkurs konar varnarviðbrögðum hjá einum yfirmannanna án þess að hún fái nokkuð við ráðið. Hann ákveður að gera lítið úr Auði með því að flytja athyglina frá faglegu framlagi hennar yfir á hana sjálfa sem kynferðislegt viðfang. Þetta gerir hann með brandara en athugasemd hans gefur ekki til kynna heilbrigðan, léttan húmor. Hún gefur til kynna raunverulega andstöðu við áhrif kvenna á vinnustað hans og er útrás fyrir bældar hugmyndir hans um kyn.⁹

Hrefna, an employee at The City of Reykjavík, describes an incident which took place at an executive level meeting in her department:

In my department there was a young woman, Auður, who was actually very efficient; an extremely good employee. She came to one meeting at the executive level to explain something she had done, and during the meeting one of those executives said — because there were no



Ung og sæt Young and Pretty

curtains before the windows, and you can see out in the hallway — and he said “I remember when Auður used to walk by here before we got the curtains. It was always so distracting because she’s so hot.”

This is an example of how pornified humor is used to maintain a power imbalance. Auður, a young and competent female employee, enters the meeting room with the purpose of taking part in executive level decision-making, which is usually an all-male activity in this department. Auður’s presence inadvertently triggers a kind of defense mechanism in one of the executives. He decides to downgrade Auður by moving the focus from her professional contribution to her as a sexual object. He does so in a humorous way, but his comment does not signal healthy light-hearted humor. It signals a genuine resistance to female influence in the workplace and becomes an excuse for venting suppressed attitudes about gender.⁹

Sigrún vinnur í annarri deild og nefnir þetta dæmi:

Einn morguninn voru bakaðar vöflur á einni skrifstofunni og fólki af öðrum skrifstofum var boðið í kaffi. Þá kemur inn ung kona sem hafði fengið tímabundna verkefnaráðningu í nokkrar vikur eða mánuði. Og yfirmaður skrifstofunnar sagði: „Þetta er Dagný ... Hún er mjög ung og sæt og við erum mjög ánægð með að hafa fengið svoleiðis manneskju til okkar.“ Dagný roðnaði, skammaðist sín og fór hjá sér og ég sagði eitthvað á borð við: „Um hvað ertu að tala?“ Hann fattaði að ég var reið. Ég var ekki reið út af sjálfri mér, ég meina, hann var í raun og veru næstum að segja „þú og hinar konurnar eruð ljótar“ en hann sagði það ekki, hann var bara að gera lítið úr henni og ég var að bregðast við því. Svo sagði hann ekkert meira en á næsta fundi þar sem allt starfsfólkið var viðstatt sagði hann að ég væri mjög viðkvæm.

Dagný er svipt faglegri virðingu sinni af karlkyns yfirmanni. Um leið og hann „býður hana velkomna“ á vinnustaðinn, kýs hann að meta virði hennar út frá því hvernig hún lítur út. Hún er ekki velkomin vegna þess að hún sé hæfileikarík eða fær heldur vegna þess að hún er „ung og sæt.“ Með því að segja

það hefur þessi karlkyns yfirmaður breytt Dagnýju í skrautmun; eitthvað sem gaman er að horfa á.

Þegar Sigrún reiðist yfirmanninum hikar hann ekki við að segja öllu starfsfólkinu á öðrum fundi að hún sé „viðkvæm.“ Vegna andrúmsloftsins í deildinni getur þessi yfirmaður, án þess að eiga nokkra hættu á að verða refsað, smættað unga konu á vinnustaðnum niður í punt og gert lítið úr alvarleika eigin hegðunar með því að afgreiða mótmæli annarrar starfskonu sem kvenlega „viðkvæmni.“

In another department, Sigrún provides the following example:

One morning, one of the offices made waffles and asked people to come from the other offices. Then in came a young woman that was only hired for some weeks or months in a special program. And the head of the office said “This is Dagný ... she is very young and pretty and we are very pleased to have someone like that here.” And she blushed and was shy and embarrassed. And I said something like: “What are you talking about?” and he realized that I was angry. I wasn’t angry because of me. I mean he was almost saying “You and the other women

here are ugly.” But he didn’t say that, he was just embarrassing her, and I was reacting to that. Then he didn’t say anything more. But on the next meeting, with all the staff there; he was telling them that I was very sensitive.

Dagný is stripped of any professional worth by a male executive. In “welcoming” her to the workplace, he chooses to measure Dagný’s worth in terms of her looks. She is not a welcome addition to the workplace because she is skilled or talented, but because she is “young and pretty”. In saying so, the male executive has turned Dagný into an ornament; a piece of human furniture that will be nice to look at while going about one’s daily business.

When Sigrún gets angry with the male executive he does not hesitate to tell the entire staff at a separate meeting that Sigrún is “sensitive”. Because of the culture in this department, this executive can, without any significant risk of retribution, not only degrade a young female employee to a workplace ornament; he can also make light of the gravity of his own actions by ascribing any possible negative sentiment to female “sensitivity” issues.

Klámvæddar myndir Pornification as Images

Klámvætt myndmál er augljósasta birtingarmynd klámvæðingarinnar. Við sjáum það daglega í auglýsingum, sjónvarpsþáttum, tónlistarmyndböndum o.s.frv. Þetta er myndmál þar sem konur eru kynferðislega undirgefnar karlmönnum. Þessi birtingarmynd karla og kvenna er fengin beint að láni úr klámi og hefur neikvæð áhrif á samskipti kynjanna í samfélaginu.¹⁰

Hér á eftir fylgja þrjú dæmi um klámvætt myndmál og hvernig konur upplifa það.

Pornified imagery is the most easily recognizable form of pornification. We see it every day in many forms such as in advertisements, in TV shows, or pictures where women are portrayed as sexually subservient to men. This representation of women and men has been borrowed directly from mainstream pornography and it has a negative influence on the gender dynamics in society as a whole.¹⁰

In the following we look at three examples of pornified imagery and how such imagery is experienced by the women who are confronted with it.

Pilates boltar og júllur Pilates Balls and Boobs

Á auglýsingatöflu í Háskóla Íslands var að finna auglýsingu frá nemendum við eina deild skólans. Auglýsingin segir frá kennslustund í pilates en myndin sem fylgir virðist ekkert hafa með pilatesiðkun að gera. Sá eða sú sem setti auglýsinguna saman lét fylgja með athugasemd um að myndin „teng[d]ist ekki auglýsingunni (beint).“

Hvers vegna skyldi mynd af nakinni konu vera sett í auglýsingu um pilatéstíma? Í auglýsingunni eru upplýsingar um kennslustundina, staðsetningu og tímasetningu en svo er bætt við innan sviga að það verði „pilates boltar (og júllur, hehe)“ á staðnum. Með því að bæta sviganum við er gefið til kynna að í tímanum verði tækifæri til þess að horfa á brjóst kvenna. Með þessu er auglýsingunni fyrst og fremst beint til gagnkynhneigðra karla og það er undirstrikað með því að birta mynd af nakinni, nafnlausri konu.

Þar fyrir utan er athyglisvert að sjá orðið „júllur“ (yfir brjóst kvenna) sett í samhengi við æfingatækin sem verða í boði; pilatesbolta. Líkamshlutar konu, brjóstin á henni, er hér kynntir til sögunnar sem sérstakir hlutir án tengsla við manneskjuna sem slíka; hlutir sem gagnkynhneigðir karlmenn njóta að horfa á og leika sér með.



Sloppasala: Hvað er fleira hér til sölu?
Scrub Sale: What else is being sold?

On a university notice board we found an advertisement arranged by students at a department at the University of Iceland. This is an ad for a Pilates class, yet the picture in the advertisement appears to have nothing to do with Pilates whatsoever. Whoever put this ad together even puts in a disclaimer saying that “the picture does not relate to the advertisement.”

Why would someone put a picture of an anonymous naked woman in an advertisement for a Pilates class? After providing the viewer with general information about the time and place of the Pilates class, the author of the ad asserts that there will be “Pilates balls (and boobs, hehe)” at the location. By adding this parenthesis, the ad indicates that this is an opportunity to look at women’s breasts. As such, the ad is primarily directed towards heterosexual men. This point is further stressed by the accompanying picture of the anonymous naked woman.

Apart from catering to male heteronormative sensibilities, it is also interesting how the word “boobs” (i.e. women’s breasts) is mentioned in connection with the equipment (Pilates balls) available at the location. A woman’s body parts - her breasts - are being presented here as objects separate from the whole of a human being; objects

that heterosexual men have the privilege to enjoy looking at and playing with.

Á hverju ári stendur hópur nemenda við HÍ fyrir sloppasölu fyrir verðandi nemendur deildar. Þessi mynd er gerð eftir raunverulegum auglýsingum.

Á yfirborðinu kann þetta að líta út fyrir að vera auglýsing fyrir sloppasölu. En hér er vert að spyrja hvort ekki sé jafnframt verið að selja ákveðnar hugmyndir um konur og kynjasamskipti.

Í þessari auglýsingu eru karlar og konur sýnd sem tvö aðskilin fyrirbæri. Hugmyndin um að kynin séu ólík í eðli sínu gerir ráð fyrir að hvert okkar búi yfir eiginleikum sem setja okkur í flokk annars kynsins og útiloki okkur jafnframt frá hinu. Þetta er kallað eðlis-hyggja. Hér er þessi hugmynd vísvitandi sett fram í tilteknu samhengi í Háskóla Íslands. Fólki er þannig send skýr skilaboð um til hvers er ætlast af þeim; hvaða staðla þau skuli uppfylla um hvað það þýðir að vera karl eða kona í þessu samhengi. Karlkyns nemendum er sýnt að þeir eigi að líta út og haga sér á tiltekinn hátt og kvenkyns nemendum á annan hátt.

— SLOPPASALA —


HIN ÁRLEGA SLOPPASALA FER NÚ FRAM. ÞAR SEM ENGINN FÆR AÐ MATA Í VERKLEGAR ÆFINGAR ÁN ÞESS AÐ VEÐA Í ÞAR TIL GERÐUM HLIFÐARSLÖPP ER NAUÐSYNLEGT AÐ NÆLA SÉR Í SLIKT SEM ALLRA FYRST.

VERÐ:


ÓBREYTTA BORGARAR: 1500 KR.

MEÐLIMIA: 1000 KR.

DORGAÐ EÐA LABT INNÁ STAÐNUM.



ÞESSI HERRAMAÐUR
STENDUR SIG FRÁBÆRLEGA
VEL Í AÐ TÍTRA Í NÝJA
SLOPPNUM SÍNUM.



SETTLEG DAMA Í SLOPP
(SOKKABÖND EKKI
INNIFALIN)

Karlinn til vinstri virðist rólegur, virðulegur og faglegur. Yfirbragð hans vekur virðingu þeirra sem sjá auglýsinguna. Hægra megin á auglýsingunni er verið að segja allt aðra sögu. Þar sjáum við konu sem virðist vera eitthvað annað en fagleg. Hún lítur helst út fyrir að vera klámmyndaleikkona í spítala-búningi. Lögum líkamans er afhjúpuð, ber læri og háir nælonsokkar. Yfirbragð hennar kallar sannarlega ekki fram faglega virðingu. Hún er daðursleg og líkamsburðir hennar kynferðislegir fremur en faglegir. **Á þessari mynd eru kvennemendur smættaðir niður í kynferðisleg viðföng fyrir karla.**

Once a year a group of students at the University of Iceland host a scrub sale for other prospective students in their department. The picture on the previous page is an illustration of a real advertisement.

On the surface this might be an advertisement for a scrub sale, but we should ask ourselves: Which ideas about gender and about women are also being sold here? In this ad, women and men are represented as two separate entities. This idea of the genders as irreducibly different and mutually exclusive is called “the gender binary.” Here it is deliberately created within a certain context at the University of Iceland. As such it sends a clear underlying message to prospective students about

what is expected of them in conforming to preset standards of what it means to be a man or a woman in this context. Male students are shown to look and act in a certain way; female students in another.

The man on the left appears calm, dignified and professional. His facial expression and the look in his eyes command the respect of the viewer.

On the right side of the ad a completely different story is being told. The woman depicted here appears to be anything but professional. She mainly looks like a porn star in a health care uniform. Her full body figure is shown, including bare thighs, stockings and a pair of red panties. Her facial expressions does not command respect for her occupation. The look in her eyes is flirtatious and her overall bodily posture is sexual rather than professional. In this picture, **female students are downgraded into objects of male desire, holding no power apart from that which they can obtain by offering themselves sexually to men.**

Þú færð ekki að vera þú sjálf You don't get to be yourself

Eva vinnur hjá Reykjavíkurborg og lýsir hér hvernig hún mætti klámvæddu myndmáli á sínum vinnustað:

Ég þurfti að sækja tölvuna mína, það var tölvuherbergi, pínulítið herbergi og bara fjórir til fimm strákar að vinna þar. Þeir eru að gera við tölvur og fleira slíkt. Á einum tölvuskjánum var nakin kona með sílikonbrjóst og á veggnum héngu dagatöl með allsberum konum. Ég sagði ekkert þegar þetta gerðist. Ég talaði við yfirmanninn eftir á en ég sagði ekkert meðan ég var þarna inni og ég velti fyrir mér hvers vegna ég gerði það ekki. Svareð var: það er svo erfitt að lýsa því hvernig manni líður. Ef þú segir bara: „Þetta er móðgandi“ þá er það svo yfirborðskennt. Þetta er ekki bara móðgandi, það er eitthvað dýpra en það sem gerist. Það er eins og það sé verið að hlutgera þig, þú ert eiginlega niðurlægð sem manneskja og sem kona. Þetta er mjög persónulegt. Ég er kona og þetta eru konur á veggnum. Ég held að hlutgering sé rétta orðið. Það er verið að lítillækka þig, minnka þig niður í hlut fremur en að þú fái að vera manneskja einhvern veginn. Það er mjög erfitt að útskýra það fyrir einhverjum tölvugaur, að þetta skapi fjarlægð milli okkar. En þetta er ógnandi fyrir mig sem manneskju líka. Eins og kynferðisleg áreitni, hún er ógnandi. Af því að þú færð einhvern veginn ekki að vera þú sjálf. Þú upplifir tilfinningar og þig langar

að segja eitthvað en þú veist í rauninni ekki hvernig þú átt að tjá þær. Og jafnvel þótt þú reyndir myndi það sennilega ekki skiljast. Þetta er næstum eins og að leika í staðinn fyrir að vera þú sjálf. Af því að þú ert að reyna að halda uppi einhverju „kúl“ viðhorfi og sinna þinni vinnu. Þú ert ekki vinaleg af því að þig langar ekki að vera vinaleg við þetta fólk. Jafnvel þótt þú vitir að þeir myndu ekki nauðga þér eða neitt þannig, þá færðu í rauninni ekki að vera þú sjálf. Og það er mjög ógnandi og lítillækkandi.

Eins og sjá má af dæmunum sem hér hafa verið rakin virðist hið klámvædda myndmál nánast alltaf vera mynd af konum sem viðfangi fyrir kynferðislegar langanir karla. Af því að Eva skilgreinir sig sem konu finnst henni hlutgeringunni varpað á sig í gegnum nöktu konuna á veggnum. Í þessu herbergi og í félagsskap fjögurra til fimm karla finnst henni hún ekki lengur vera manneskja. Henni líður eins og hlut sem ætlast er til að staðfesti það sem virðast vera hugmyndir þessara karla um hvernig konur eigi að vera. Hún lýsir því að henni finnst sér ógnað og að hún sé lítillækkuð. Jafnvel þótt hún viti að „þeir myndu ekki nauðga þér eða neitt þannig,“ upplifir hún að brotið sé á sér þar sem þetta snýst um sjálfsmynd hennar; „þú færð einhvern veginn ekki að vera þú sjálf.“


Eva, a female employee at the City of Reykjavík, describes how she encountered pornified imagery in her workplace:


I had to pick up my computer, and there was this computer room, a tiny room and just 4 or 5 guys working there. They're doing repairs on computers and stuff like that. And on one of the screens there was this naked woman with silicone breasts, and there were also some calendars on the wall with naked women. I didn't say anything at that time. I talked to the boss later, but I didn't say anything at the time, and I was wondering why I didn't. And the answer was: It's so difficult to describe how it feels. If you just say "This is offensive," that's so superficial. It's not simply offensive, it's something deeper that happens. It's like you're being objectified, and kind of insulted as a person and as a woman. It is very personal. I identify with women, and it's women on the wall. I think objectification is the right word. You're being degraded into some object instead of being a person somehow. It's really difficult to explain that to some computer guy and it makes a distance between us. But it's kind of intimidating for me as a person also. Like sexual harassment, it's intimidating. Because you don't get to be yourself somehow. You get these feelings that you want to say something about it, but you don't really know how to express them. And even if you

would try to express them, you probably would not be understood. It's almost like acting instead of being yourself. Because you're trying to keep this very cool attitude and just do business. You're not being friendly, because you don't want to be friendly with these people. Even if you know that they wouldn't rape you or anything, you don't get to be the person that you really are. And that's quite intimidating.

As we have seen in previous examples, pornified imagery presents almost by default an image of women as objects of male desire. Because Eva identifies as a woman, she experiences objectification as being projected onto her via the naked women on the wall. In this room, and in the company of the four or five men, she no longer feels that she is perceived as a person or a subject. She feels like an object who is expected to conform to what appears to be these men's perception of what a woman ought to be like.

She also describes her experience as being "intimidating" because she perceives that a set of gendered expectations are being put on her. So even though she knows that "they wouldn't rape you or anything," her experience is still one of personal violation in which her sense of identity is being tampered with, "you don't get to be yourself somehow."





Þú ert rosalega lík nærfatafyrirsætu You look very much like an underwear model

Halla er starfsmaður Reykjavíkurborgar. Hér lýsir hún því hvernig karlkyns samstarfsmaður hennar kaus eitt sinn að nálgast hana:

Þegar ég var yngri kom strákur til mín í vinnunni og sagði „Þú ert rosalega lík einni undirfatafyrirsætu sem ég hef séð hjá Victoria's Secret“ og ég var bara „Uh?! Ég veit ekki hvað ég á að segja við því.“ Mér fannst ég hálfpartinn nakin. Af því að þú vilt vera tekin alvarlega í vinnunni en vopnin eru tekin úr höndunum á þér og þér finnst þú svolítið berskjölduð. Þetta særði mig af því að ég vil vera tekin alvarlega á vinnustaðnum og þeir hlutgera mann svona og maður hugsar „Ókei, hvað get ég gert til að vera tekin alvarlega hérna?“ Eftir að hann sagði þetta um Victoria's Secret módelið sendi hann mér raunverulega mynd af konunni í pósti með einhverju svona „Þetta er konan sem ég var að tala um.“ Ég meina, þetta var svo fáránlegt. Við erum að tala um tilfinningar og ég hef aldrei verið spurð hvernig mér leið, í raun og veru. Og þegar þetta kom aftur upp núna í vetur skammadist ég mín svo mikið fyrir þetta af því að þetta setti mig eiginlega í sviðsjósið. Þú ert í sviðsljósinu fyrir eitthvað sem þú vilt ekki vera í sviðsljósinu fyrir. Af því að ef þú vilt láta bera þig saman við einhvern, þá myndirðu vilja að það væri einhver sem þú

lítur upp til eða að það væri gert vegna einhvers sem þú gerir, ekki út af útliti. Þannig að mér fannst þetta bara mjög vandræðalegt, bara í þessari litlu senu, af því að hann var bara að gera grín að þessu. Og fimm árum seinna hugsa ég allt í einu „Af hverju finnst mér þetta svona vandræðalegt?“ Þannig að þetta er kannski djúpstæðara en fólk heldur. Þú vilt ekki láta hlutgera þig svona þannig að þú snýrð því upp í einhvern kjánaskap. Og auðvitað er þetta kjánaskapur en þetta er líka alvarlegt.

Halla er hér borin saman við mynd af undirfatafyrirsætu sem samstarfsmaður hennar hefur nýlega séð. Hann sendir henni einnig mynd af fyrirsætunni í tölvupósti. Með því sviptir hann hana allri fagmennsku. Fyrir honum er starf hennar hjá Reykjavíkurborg sambærilegt starfi undirfatafyrirsætu. Hún upplifir sig „nakta“ og „berskjaldaða“ og finnst hún hafa verið afvopnuð. Orðaval hennar er áhugavert. Ef niðrandi athugasemd samstarfsmanns hennar hefði snúist um hæfileika hennar til að sinna starfi sínu, þá hefði hún haft „vopn“ til að svara fyrir sig með; hún hefði notað sjálfstraust sitt og metnaðinn sem hún sýnir í starfi. En samstarfsmaðurinn niðurlægir hana og gerir lítið úr henni í samhengi þar sem hún hefur enga möguleika á að verja sig. Henni er brugðið og hún er ringluð.

Halla gerði ekki mikið úr atvikinu til að byrja með. Tilfinningin að vera ekki tekin alvarlega og að vera dæmd eftir útlitinu kom ekki upp fyrr en nokkrum árum síðar og olli þá skömm hjá henni. Hún reyndi að útiloka vanlíðan sína og skömm en segir að þetta sé „djúpstæðara en fólk heldur.“ Vanlíðanin yfir því að láta koma fram við sig eins og kynferðislegt viðfang er svo sterk að það má búast að margar konur snúi slíkum atvikum upp í „einhvern kjánaskap“ í huganum og sýni þar með ósjálfráð varnarviðbrögð fremur en að bregðast við.

Halla, a female employee at the City of Reykjavík, describes how she was once approached by a male co-worker:

At one point when I was young here, a guy came to me and said: “You look very much like an underwear model I’ve seen in Victoria’s Secret,” and I was like “Oh!?! I don’t know what to make of that.” It made me feel kind of naked. Because you want to be taken seriously in a workplace, and all your weapons are taken away from you and you feel a little bit exposed. It hurt me, because you want to be taken seriously in a workplace, and they kind of objectify you in that way, and it’s like “Ok, what can I do to be taken seriously around here?” When he made these comments about the Victoria’s Secret model, he actually sent me a photo

afterwards, like, “This is the woman I was referring to.” I mean, it was so ridiculous. We’re talking about feelings, and I’ve never been asked how I felt, basically. And when it was raised again just this winter I felt so embarrassed about this, because it kind of put me in the spotlight. You’re in the spotlight for something you don’t want to be in the spotlight for. Because if you want to be measured against someone, you want it to be someone you look up to, or for something you do, not for how you look, and so it just made me really awkward, just in this little scenario, because he was making a joke of this and then five years later I’m like “Why am I so embarrassed about this?” So maybe this digs deeper than one is led to believe. You don’t want to be objectified in this kind of way, and so you make it into a silly thing. And of course it is silly, but then again it is serious.

Halla is being compared to the picture of an underwear model that her male colleague has recently seen. He even chooses to send her a photo of the underwear model on her email. By doing so he strips her of any kind of professionalism. To him, her profession at the City of Reykjavík is worth little more than that of an underwear model. This makes her feel “naked” and “exposed,” and as if “all her weapons are taken away” from her. This choice of words is interesting. Had

her colleague’s offensive remark been about her ability to carry out her job, she would have had the “weapons” to fight back in the situation by means of her self-confidence and the pride she takes in her job. However, her colleague downgrades and offends her in a context in which she has no means of fighting back, and so she is instead left shocked and dumbfounded.

Halla did not initially make much of the incident; the feelings of not being taken seriously and of being judged on one’s appearance actually surfaced years later and caused her to feel embarrassed. She distanced herself from the feelings of being hurt and embarrassed but says that “this digs deeper than one is led to believe.” The resistance to being treated as a sex object is so strong that we may expect that many women might turn such incidents “into a silly thing” as part of a self-defense mechanism, rather than displaying emotions of anger in the situation.

Klámvæðing sem kynferðisleg áreitni

Pornification as Physical Harassment

Kynferðislegir brandarar og klám-fengnar myndir eru tvær birtingarmyndir klámvæðingar sem sýna hvernig klámið er orðið hluti af okkar daglega lífi sem „samþykkt og jafnvel dád menningarlegt fyrirbæri.“ Þegar manneskja reynir að ná kynferðislegum yfirráðum yfir annarri manneskju í gegnum niðrandi kynferðisleg skilaboð, þá er um að ræða kynferðislega áreitni.

Sexual humor and pornified imagery are two forms of pornification where mainstream pornography slips into our everyday lives as a “commonly accepted and often idealized cultural element”. When a person attempts to sexually subordinate another person through a derogatory sexual gesture, this is a physical manifestation of pornification.

Hér greinir kvenkyns starfsmaður frá því hvað gerist iðulega þegar starfsfólk deildarinnar þar sem hún starfar hittist utan vinnutíma á vinnutengdum viðburðum:

Það eru nokkrir strákar sem enda alltaf með því að reyna að troða höndunum ofan í buxurnar hjá konum. Það er eiginlega frekar ógeðslegt. Það er svo augljóst að allir taka eftir því og þess vegna gerir enginn


neitt í því. Mér finnst reyndar að við ættum að vera að tala um þetta en það er mjög erfitt af því að það vill það enginn. Í rauninni, ef þú segir eitthvað, þá væri það eins og þú vildir að þeir væru reknir, þess vegna segir enginn neitt. Við höfum stundum þurft að tala við suma, bara á meðan á þessu stendur, og segja: „Þú þarft að fara heim ef þú ætlar að halda þessu áfram.“ En það er mjög erfitt að gera eitthvað í þessu. Það eru mörg tilfelli. Til dæmis var einn strákur sem settist alltaf við hliðina á konum og reyndi að troða hendinni ofan í buxurnar hjá þeim. Mjög augljóst. Og annar sem káfaði bara á þeim og reyndi að kyssa þær fyrir framan fólk.

Takið eftir ummælunum „allir taka eftir því og þess vegna gerir enginn neitt í því.“ Það mætti ætla að ef allir taka eftir því gerðist einmitt hið gagnstæða, að þá væri ástæða til þess að ræða vandamálið. Það er ekki raunin. Vegna þess að það er „svo augljóst“, ræðir enginn vandamálið. Líkamleg kynferðisleg áreitni er orðinn félagslega viðtekinn hluti af menningu þessa tiltekna vinnustaðar.

A female employee explains what sometimes happens when employees at her department meet outside of working hours at work related events:

Allir taka eftir því og þess vegna gerir enginn neitt í því

Everybody notices, so nobody does anything about it



Tilvísanir

Footnotes

There are a few guys who always end up trying to stuff their hands down women's pants. *It's actually rather gross. It's so obvious that just everybody notices, so nobody does anything about it. I actually think we should be talking about it, but it's really hard because nobody wants to. Actually if you say something about it, it's like you want them to get fired, so nobody says anything. We have, a few times, had to talk to somebody just during an incident, saying: "You have to go home if it's going to be like this," But it's really hard to do something about it. There are a lot of incidents. For example, one guy, he used to sit down next to women and just tried to put his hand down their pants. Very graphic. And another guy just felt them up and tried to kiss them in front of people.*

Pay attention to the statement that "everybody notices, so nobody does anything about it". One should think that if everybody notices, this should be an incentive to the opposite, that is, to actually address the problem. Yet, because it is "so obvious," the problem remains unaddressed. Physical sexual harassment has become a socially accepted part of working culture in this particular department.

1 Dworkin, A., & MacKinnon, C. A. (1992). An Act to Protect the Civil Rights of Women and Children. Sótt 10. ágúst 2011 af <http://www.nostatusquo.com/ACLU/dworkin/OrdinanceMassComplete.html>

2 Sørensen, A. D. (2003). Pornography and Gender in Mass Culture. Nordic Gender Institute. Sótt 10. ágúst 2011 af <http://www.nikk.no/Pornography+and+Gender+in+Mass+Culture.gUFRvW2P.ips>

3 Gyða Margrét Pétursdóttir (2009). Within the Aura of Gender Equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility - A holistic approach. Háskóli Íslands, Reykjavík.

4 Jafnrétti í tölum (e.d.). Sótt 28. febrúar 2012 af http://www.hi.is/is/skolinn/jafnretti_i_tolum

5 Kimmel, M. (2008). Guyland: The perilous world where boys become men. New York: HarperCollins.

6 Spradley, J., & Mann, B. (1975). The Cocktail Waitress. New York: John Wiley & Sons, Inc.

7 Kotthoff, H. (2006). Gender and Humor: The State of the Art. Journal of Pragmatics (38), 4-25.

8 Lawrence, D. M. (2010). Humor. Í F. Crowe, E. Hill, B. Hollingum, S. MacEachern & H. Russell (ritstj.), Sex and Society (bls. 390-391). New York: Marshall Cavendish.

9 Kahn, W. (1989). Toward a sense of organizational humour: Implications for organizational diagnosis and change. Journal of Applied Behavioural Science, 25, 45-63.

10 Dines, G. (2010). Pornland: How Porn has Hijacked Our Sexuality. Boston: Beacon Press; American Psychological Association. (2010). Report of the APA Task Force on the Sexualization of Girls. Sótt 15. nóvember 2011 af <http://www.apa.org/pi/women/programs/girls/report-full.pdf>

1 Dworkin, A., & MacKinnon, C. A. (1992). An Act to Protect the Civil Rights of Women and Children Retrieved August 10, 2011, from <http://www.nostatusquo.com/ACLU/dworkin/OrdinanceMassComplete.html>

2 Sørensen, A. D. (2003). Pornography and Gender in Mass Culture. Nordic Gender Institute Retrieved August 10, 2011, from <http://www.nikk.no/Pornography+and+Gender+in+Mass+Culture.gUFRvW2P.ips>

3 Pétursdóttir, G. M. (2009). Within the Aura of Gender Equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility - A holistic approach. University of Iceland, Reykjavík.

4 Jafnrétti í tölum (n.d.). Retrieved February 28 2012 from http://www.hi.is/is/skolinn/jafnretti_i_tolum

5 Kimmel, M. (2008). Guyland: The perilous world where boys become men. New York: HarperCollins.

6 Spradley, J., & Mann, B. (1975). The Cocktail Waitress. New York: John Wiley & Sons, Inc.

7 Kotthoff, H. (2006). Gender and Humor: The State of the Art. Journal of Pragmatics(38), 4-25.

8 Lawrence, D. M. (2010). Humor. In F. Crowe, E. Hill, B. Hollingum, S. MacEachern & H. Russell (Eds.), Sex and Society (pp. 390-391). New York: Marshall Cavendish.

9 Kahn, W. (1989). Toward a sense of organizational humour: Implications for organizational diagnosis and change. Journal of Applied Behavioural Science, 25, 45-63.

10 American Psychological Association. (2010). Report of the APA Task Force on the Sexualization of Girls Retrieved November 15, 2011 from <http://www.apa.org/pi/women/programs/girls/report-full.pdf>

Til starfsfólks Reykjavíkurborgar

To the staff of the City of Reykjavík

Kynferðisleg áreitni er ekki liðin hjá Reykjavíkurborg. Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar segir „Starfsmaður sem með orðum, látbragði eða atferli, ógnar, truflar eða ögrar öðrum á vinnustað, leggur starfsmann í einelti eða sýnir honum kynferðislega áreitni, telst brjóta grundvallarreglur samskipta á vinnustað. Slík hegðun getur leitt til áminningar og starfssmissis.“

Verðir þú fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað getur þú leitað til næsta yfirmanns, starfsmannastjóra, sviðsstjóra eða áreitniteymis en þau starfa á öllum sviðum borgarinnar. Upplýsingar um þá sem sitja í teyminu á hverju sviði, skilgreiningar á áreitni og einelti og lýsingar á því hvernig er tekið á áreitnis- og eineltismálum er að finna á innri vef borgarinnar.

Það er á ábyrgð allra starfsmanna að skapa jákvæðan starfsanda og koma í veg fyrir áreitni og einelti. Mikilvægt að tilkynna strax um áreitni og einelti á vinnustað hvort sem það beinist að þér eða samstarfsfólki þínu.

Sexual harassment is not tolerated at the City of Reykjavík. In the personnel policy of the city of Reykjavík it is stated that “Any employee who by words, gestures or behaviour threatens, disturbs, provokes, bullies or sexually harasses others in the workplace, is considered to have violated the ground rules of conduct in the workplace. Such behaviour can result in reprimand or loss of employment.”

If you encounter sexual harassment in the workplace, you can ask for the assistance of your supervisor, personnel manager, departmental manager or the harassment team; they work in all city departments. Information on the team members in each department, the definition of harassment and bullying and descriptions of how harassment and workplace bullying incidents are addressed can be found on the city's intranet.

It is the responsibility of all employees to create positive morale and prevent harassment and bullying. It is important to immediately report any incidents of harassment and bullying in the workplace, whether directed at you or at your colleagues.

Til nemenda og starfs- fólks Háskóla Íslands

To the students and staff of the University of Reykjavík

Kynferðisleg og kynbundin áreitni er ekki liðin í Háskóla Íslands. Markmið skólans er að gagnkvæm virðing ríki milli karla og kvenna, starfsmanna og nemenda. Um mál sem varða kynferðislega áreitni og einelti er hægt snúa sér til næsta yfirmanns, sviðsforseta, deildarforseta, skrifstofustjóra, rekstrarstjóra, framkvæmdastjóra eða forstöðumanns viðkomandi starfs-
einingar, starfsmannasviðs, jafnréttisfulltrúa Háskólans, jafnréttisfulltrúa stúdenta eða námsráðgjafa.

Neither sexual nor sexist harassment will be tolerated at the University of Iceland. The University's goal is that all communication between men and women; staff and students be characterised by mutual respect. For matters concerning sexual harassment or bullying please contact your immediate supervisor, Dean of School, Head of Faculty, Office Director, Managing Director, Directors of Institutes or the relevant work unit, Division of Human Resources, The University's Equal Opportunities Officer, the students' Equal Opportunities Officer, or Student Counsellor.



Reykjavíkurborg



**MARK – Miðstöð margbreytileika-
og kynjarannsóknna**



ISBN 978-9979-72-090-4